

49. stjórnarfundur Bergrisans bs.  
05.01.2023

Fimmtudaginn 05. janúar 2023 kl: 15.40 kom stjórn Bergrisans bs. saman á fjarfundi á Teams. Fundinn sátu: Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð.

## **Dagskrá**

### 1. Styrkir vegna aðgengismála. Umsóknir um sérstök framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs

Fasteignarsjóði Jöfnunarsjóðs var á árunum 2021-2022 heimilt að úthluta samtals kr. 363 milljónum í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda. Setti Fasteignasjóður viðmið um dreifingu fjármagnsins og var ætlað að Suðurland fengi allt að 35.131.081 kr úthlutaðar vegna hlutdeildar Jöfnunarsjóðs. Var þjónustusvæðum gert að standa saman að umsóknum vegna verkefnisins.

Stjórn Bergrisans bs. óskaði eftir umsóknum frá aðildarsveitarfélögum í samræmi við verklag. Bárust alls umsóknir frá átta sveitarfélögum. Að auki lá fyrir umsókn frá Arnardrangi hses.

**Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs greiðir styrki út í samræmi við framvindu verkefna að því gefnu að verkefni hafi áður verið tekin fyrir og samþykkt af stjórn Bergrisa og Jöfnunarsjóði. Sveitarfélög skila staðfestingu um framvindu til Jöfnunarsjóðs.**

Styrkirnir lutu að eftirtöldum verkefnum:

- Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- Úrbætur þannig að biðstöðvar almenningsgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
- Úrbætur sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Framlag til svæðisins skiptist hlutfallslega miðað við íbúafjölda í upphafi árs 2021.

	Íbúar jan 2021	Hlutfallsleg skipting	Skipting framlaga
Sveitarfélagið Árborg	10457	42,4	14,895,578
Mýrdalshreppur	758	3,1	1,089,064
Skaftárhreppur	624	2,5	878,277
Ásahreppur	272	1,1	386,442
Rangárþing eystra	1924	7,8	2,740,224
Rangárþing ytra	1739	7,1	2,494,307
Hrunamannahreppur	823	3,3	1,159,326
Hveragerðisbær	2777	11,3	3,969,812
Sveitarfélagið Ölfus	2369	9,6	3372584

Grímsnes- Grafningshreppur	og	491	2	702,622
Skeiða- Gnúpverjahreppur	og	589	2,4	843,146
Bláskógabyggð		1147	4,6	1,616,030
Flóahreppur		690	2,8	983,670
Samtals		24660	100	35,131,081

### **Bláskógabyggð**

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bláskógabyggðar þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengi að ípróttamiðstöð sveitarfélagsins í Reykholti. Auk ípróttta- og þreksalar er í húsinu aðstaða sjúkrahjálfa. Sótt er um annars vegar vegna byggingar og frágangs á rampi og rafknúinni opnun á útidyrhurð hins vegar auk handriðs. Að auki þarf að helluleggja svæði næst aðgenginu.

Samtals er kostnaður vegna framkvæmdanna áætlaður kr. 1.339.113 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita framlag að fjárhæð 670.000 kr.

### **Hveragerði**

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hveragerðisbæjar þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag annars vegna byggingar og frágangs á rampi og uppsetningu hurða við grunnskólann í Hvergerði . Hins vegar er um að ræða umsókn vegna byggingu ramps og uppsetningu hurða í húsnæði í félagslegu leiguhúsnæði.

Samtals er kostnaður vegna framkvæmdanna kr. 2.213.667 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita framlag að fjárhæð 1.106.834 kr.

### **Árborg**

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu þrjár styrkumsóknir frá sveitarfélaginu Árborg þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum:

Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum á grundvelli a. liðar verkefnisins þar sem bætt verður aðgengi að húsnæði með byggingu og frágangi á rampi/skábraut ásamt tilheyrandi frágangi við verkið. Að auki verður sett upp salerni fyrir hreyfihamlaða.

Samtals er kostnaður við framkvæmdina kr. 10.990.974

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita kr. 5.495.487 til verkefnisins

Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengi við VISS, vinnu og hæfingarstöð á Selfossi. Um er að ræða umsókn á grundvelli a. og c. liðar þar sem ætlað er að helluleggja verönd á baklóð húsnæðisins en þá verður aðgengi tryggt hringinn í kringum húsnæðið.

Samtals er kostnaður við framvæmdina kr. 2.698.384

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita kr. 1.349.192 til verkefnisins

Sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengi við Barnaskólann á Eyrarbakka- útistofur en byggja þarf ramp til að tryggja aðgengi ásamt því að tryggja aðgengi á salerni.

Samtals er kostnaður við verkefnið kr. 5.754.756

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita kr. 2.877.378 til verkefnisins.

### **Rangárþing eystra**

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Rangárþings eystra þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum:

Sótt er um framlag vegna úrbóta aðgengismála við VISS- vinnu og hæfingarstöð fyrir fatlað fólk á Hvolsvelli. Til að bæta aðgengi þarf að brjóta upp gangstétt og byggja upp á ný gangstétt með snjóbræðslu. Byggja þarf ramp, koma upp sjálfopnandi hurð og endurmekja bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Samtals er kostnaður vegna framkvæmdanna kr. 2.251.275

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita framlag að fjárhæð 1.125.638

Sótt er um framlag vegna úrbóta aðgengismála við Austurveg 4 á Hvolsvelli en um er að ræða húsnæði í eigu sveitarfélagsins sem hýsir opinbera og almenna þjónustu ásamt verslun. Aðgengi að húsnæðinu er ábótavant og sótt er um styrk til að endurhanna og byggja gangstétt, koma fyrir snjóbræðslu, leggja ramp, koma upp sjálfvirkum búnaði á útidyrhurð og merkja bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Samtals er kostnaður vegna framkvæmdanna kr. 26.541.710

Stjórn Bergisans samþykkir verkefnið. Sé miðað við verklag um skiptingu fjármagns vegna verkefnisins á svæði Bergisans bs. er lagt til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs greiði kr. 1.614.586 vegna verkefnisins.

### **Rangárþing ytra**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Rangárþings ytra þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum í grunnskólanum á Hellu en bæta þarf aðgengi við skólabygginguna sem er á tveimur hæðum með því að stækka stigahús og gera lyftustokk eða aðstöðu fyrir lyftu.

Kostnaður við framvæmdina er áætlaður kr. 17.500.000

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergisans bs. að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs samþykki að veita framlag að fjárhæð 2.494.307 kr. vegna framkvæmdanna

### **Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum í Þjórsárskóla. Starfsemi skólans er á þremur hæðum. Í húsnæðinu er

lyftustæði/hús en engin lyfta er til staðar og aðgengi því ekki altækt. Til að tryggja jafnt aðgengi verður sett upp lyfta í húsnæðinu.

Samtals er kostnaður áætlaður kr. 8.528.000

Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergrisans að samþykkja umsókn og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs veiti framlag að fjárhæð kr. 843.146

### **Arnardrangur hses**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi stjórnar Arnardrangs hses. Sótt er um framlag vegna úrbóta aðgengismála við Nauthaga 2 á Selfossi en um er að byggingu húsnæðis í eigu sjálfseignarstofnunar sem öll aðildarsveitarfélög Bergrisans bs. standa að. Í húsnæðinu verður rekin sértæk þjónusta og öll hönnun og aðgengi því altæk/sértæk þar sem hugað er sérstaklega að aðgengi. Sótt er um framlag til aðgengismála byggða á lið a. Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða. Kostnaður við verkefnið er umfram viðmið um stofnframlag og því er kostnaður vegna aðgengismála í verkefninu umfram samþykkt stofnvirði sem stofnframlag Jöfnunarsjóðs nær til. Húsnæðið er sex íbúða sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk. Kostnaður við verkefnið eru áætlaðar 265 mkr. en samþykkt stofnvirði eru kr. 230.368.200. Stjórn Arnardrangs sækir því um framlag vegna 35 mkr.

**Að lokinni umfjöllun ákvað stjórn Bergrisans bs. að samþykkja umsókn Arnardrangs hses og leggur til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs veiti styrk til verkefnisins að fjárhæð 15.690.000 kr. Þannig er styrkupphefð ætluð svæðinu á grundvelli verkefnisins á árunum 2021-2022 fullnýtt í þágu verkefnis sem sveitarfélögin þrettán standa sameiginlega að.**

**Umsóknir sem stjórn Bergrisans hefur þegar samþykkt og sent til afgreiðslu hjá Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs:**

### **Hrunamannahreppur**

Stjórn Bergrisans bókaði eftirfarandi ákvörðun vegna umsóknar Hrunamannahrepps á fundi nr. 41: „Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks Stjórn Bergrisans bs samþykkir breytta umsókn frá Hrunamannahreppi um bætt aðgengi í aðgengismálum fatlaðs fólks dags. 16.05.2022 að upphæð 1.159.326 kr. Samhliða fellur niður áður úthlutuðu framlagi samkvæmt umsókn sveitarfélagsins dags. 23.11.2021,„

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs er beðinn um að afgreiða beiðnina á næsta fundi sínum hafi hann ekki gert það nú þegar.

### **Grímsnes og Grafningshreppur**

Stjórn Bergrisans bókaði eftirfarandi ákvörðun vegna umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps: „Grímsnes og Grafningshreppur sækir um framlag úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir að verkefnið fái greitt kr. 702.022 í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.“

Stjórn þakkar verkefnastjóra fyrir samantekt umsókna en þær voru misvel fram settar. Hvetur stjórn sveitarfélög til að nýta sér styrkina á árinu komi verkefnið til með að halda áfram.

## 2. Dagskrá starfsdags stjórnar Bergrisans

Drög að dagskrá starfsdags sem haldinn verður 16.janúar nk rædd. Verkefnastjóra falið að vinna að dagskránni og leggja fyrir næsta stjórnarfund

Ákveðið er að halda næsta fund 11. janúar nk.

Fundi slitið kl. 17.32